



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**VERKEFNA- OG FJÁRHAGSUPPGJÖR
VATNSORKUDEILDAR
FYRIR ÁRIÐ 1985**

OS-86019/VOD-08 B

Apríl 1986



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

Verknúmer: 305

**VERKEFNA- OG FJÁRHAGSUPPGJÖR
VATNSORKUDEILDAR
FYRIR ÁRIÐ 1985**

OS-86019/VOD-08 B

Apríl 1986

VERKEFNA OG FJÁRHAGSUPPGJÖR FYRIR OS VOD, 1985.

1. Inngangur.
2. Heildarniðurstöður uppgjörs.
3. Yfirlit um skipulag og starfsemi einstakra deilda.

 Skipulag.
 Yfirlit fagdeilda.
 Starfsmannaskrá.
4. Skipting vinnutíma og fjár á verk (töflur).
5. Uppgjör einstakra verka, sem unnin eru fyrir
 framlag á fjárlögum.
 - 5.1 Rekstur.
 - 5.2 Fagverk.
 - 5.3 Deildarverk.
6. Uppgjör söluverka (sjá töflu 4.5).
 - 6.1 Greinagerð um framgang verkefna, sem unnin voru fyrir Landsvirkjun.
 - 6.2 Ýmis þjónustuverk (2 töflur), þ.m.t. verk fyrir Jarðhitadeild.
7. Skrá yfir skýrslur og greinagerðir.

VATNSORKUDEILD
VERKEFNAUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ 1985.

Inngangur

Skilafundir Orkustofnunar hafa verið að þróast úr því að vera skilafundir einstakra deilda til þess að verða skilafundur stofnunarinnar í heild eins og 1985, og ársfundur eins og nú 1986. Uppgjör og skil deildanna á sinni fagvinnu hverfur því nokkuð í skuggann af almennum yfirlitum og fjárhagsuppgjöri.

Á móti þessu vegur að nú mun ársskýrslu stofnunarinnar liggja frammi á ársfundi, en þar er nokkuð ítarlegt yfirlit um helstu verkefni deildarinnar.

Þessi háttur á uppgjöri, þ.e. ársfundur er það nýtilkominn að ekki hefur unnist tóm til að endurskoða form uppgjörsskilagreinarinnar í ljósi hans.

Skilafundum verkefna og uppgjör var ætlað að veita aðhald. Sérhvert verkefni hefur skilgreint markmið eða tilgang. Sum eru í eðli sínu langtíma verkefni, (framhaldsverkefni), önnur hafa afmarkaða áfanga og enn önnur skýr verklok.

Árlega er nýr áfangi skilgreindur í hverju verki og er það skírt með texta (áætlun). Til verksins er ætlaður tiltekinn fjöldi vinnuvikna og kostnaður. Í árslok er verkið gert upp; bæði vinna og kostnaður og árangrinum gerð skil

Uppgjör það sem hér fer á eftir gerir fyrst og fremst grein fyrir því að hve miklu leyti hefur verið unnið að verkefnum í samræmi við áætlun sem gerð var í mars 1985. Venjulega er þá nokkur óvissa um þjónustuverkefni og þarf því oft að endurskoða áætlanir fyrir sumarið, venjulega gert í júní.


Í samantekt hér á eftir er aðeins stiklað á stóru, en leikur einn er að bera saman áætlanir og raun og leita skýringa á ósamræmi, seinangangi eða hverju sem stjórnendur óska.

Heildarniðurstöður uppgjörs.

Umsvif deildarinnar héldu áfram að minnka í takt við samdrátt í rannsóknum fyrir Landsvirkjun vegna hönnunar og framkvæmda við virkjanir. Samdrátturinn varð þó minni en búist var við, vegna óvænts verks fyrir Defence Mapping Agency, Washington, DC; þétting þyngdarmælinets af landinu.


Áætlað var að söluverk næmu um 18 þús. vinnustundum, en þær urðu um 23 þús. Mismunurinn skýrist af um 6 þús. vinnustundum í þyngdarmælingaverkinu. Þetta verkefni raskaði nokkuð áætlunum, þannig að minna var unnið í fag- og deildarverkum en ráð var fyrir gert (mynd 1). Eytt var um 3 þús. tímum meira í rekstur en áætlað var. Stafar það fyrst og fremst af því, að ekki tókst að þrengja skilgreiningu á rekstri við skráningu á vinnutíma eins og að var stefnt.

Þyngdarmælingaverkefnið jók svigrúm deildarinnar, og var það m.a. notað til að flýta þeim verkum (og auka), sem deildin kaupir af öðrum. Ennfremur var aukið svigrúm notað til að endurnýja tækjakost umfram það sem á áætlun var. Sá háttur hefur gjarnan verið hafður á að nýta tekjur af þjónustu til að endurnýja tæki (mynd 2).



VOD-SK-305-HG
86.04.0270-T

SAMANBURÐUR Á STOFNKOSTNAÐI OG VERKSÖLUTEKJUM VOD
1977-1985 (VERÐLAG Í JÚNÍ 1985)



MYND 2

Tekjur deildarinnar voru eins og greint er í töflu 1.

Tafla 1 Tekjur Vatnsorkudeildar 1985

Fjárveiting	42,9 M.kr.
Verksala	29,4 M.kr.

Tekjur Alls:	72.4 M.kr.

Útgjöldin skiptast á verk eins og greint er í töflu 2.

Tafla 2 Útgjöld Vatnsorkudeildar 1985.

	M.kr.
SAMKOSTNAÐUR.....	9,7
FAGVERKEFNI.....	5,8
Vatnamælingar.....	0,9
Landmælingar.....	0,2
Mannvirkjajardfræði.....	1,8
Jarðfræðikortlagning.....	0,5
Umhverfisrannsóknir.....	0,4
Verk- og vatnafræði.....	1,7
Orkubúskapur.....	0,3
DEILDAVERKEFNI.....	33,6
Eystri-Jökulsá.....	5,7
Skjálfandafljót.....	0,4
Jökulsá á Dal.....	2,3
Síðuvötn/Markarfljót.....	1,1
Þjórsársvæði.....	1,5
Neðri-Þjórsá.....	2,0
Efri-Hvítá.....	3,2
Aurburðarmælingar.....	1,6
Vatnshæðarmælar.....	3,6
Frumúrvinnsla vatnamælinga.....	1,0
Rennslismælingar.....	3,1
Raflínurannsóknir.....	1,3
Ýmis orkumál.....	3,2
Ýmis deildarverk.....	3,6
SÖLUVERKEFNI.....	17,8
Blanda.....	0,2
Fljótsdalsvirkjun.....	1,7
Þjórsá-Tungnaá.....	2,5
Straumfræðilíkön.....	0,7
Þyngdarmælingar.....	9,8
Hafnamálastofnun.....	0,7
Ýmislegt.....	2,2
REKSTUR ALLS.....	66,9
STOFNKOSTNAÐUR.....	5,5

Á árinu voru 39 fastráðnir starfsmenn sem skiluðu um 37 ársverkum og 7 lausráðnir, sem skiluðu nærri 7 ársverkum. Að auki voru 11 sumarmenn eða starfsmenn í tilfallandi verkum sem skiluðu um 2 ársverkum. Alls skiluðu starfsmenn u.p.b. 46 ársverkum, eða um 125. þús. vinnustundum.


Vinnuframlag einstakra deilda er sýnt í mynd 3.

Þessi mynd endurspeglar þó ekki framlag til viðkomandi fagsviða. MJ lagði 4 þús vinnustundir til VM og nær 2 þús. stundir til þyngdarmælinga á vegum LM. Ennfremur lögðu JK og VV allnokkuð til VM og LM. Aðrar tilfærslur eru minniháttar.

Árangur deildaverka er það sem fást fyrir fjárveitingar til deildarinnar. Deildarverkin eru rannsóknir einstakra virkjunarstaða og ýmsar grunnrannsóknir sem á einn eða annan hátt tengjast virkjun vatnsorku eða nýtingu hennar. Fagverkin eru aðallega ætluð til að viðhalda og auka faglega getu og eiga einnig að skila sér með tímanum í árangri af deildarverkum. Langflest verkefni Vatnsorkudeildar eru langtímaverkefni og má segja að rannsókn einstakra virkjunarstaða ljúki ekki fyrr en með byggingu virkjunar, og jafnvel þá getur þurft að halda áfram einstaka þáttum, svo sem vatnamælingum og rennslisreikningum vegna rekstrar einstakra virkjana og kerfisins. Skilningur á nauðsyn þessa hefur aukist.

Stærstu deildarverkin sem unnið var að á árinu 1985 voru annarsvegar virkjunarverk við Jökulsár í Skagafirði, Jökulsá á Dal og Neðri-Þjórsá, og hins vegar rekstur vatnshæðarmæla og rennslismælingar (tafla 2). Hér er þó einungis getið þeirra vatnamælingaverka sem ekki eru færð beint á virkjunarstaði.

Nánar er greint frá því sem unnið var og stöðu verkefnanna í töflum í 4 kafla og í Ársskýrslu Orkustofnunar fyrir 1985.




YFIRLIT UM STARFSHÆTTI OG STARFSEMI EINSTAKRA DEILDA

Í þessum kafla er yfirlit um skipulag Vatnsorkudeildar, fagdeildir og starfsmannaskrá.

Vatnsorkudeild er í 6 fagdeildum. Deildaskiptingin tekur mið af megin verkþáttum í undirbúningsrannsóknum vatnsaflsvirkjana. Yfir henni er forstjóri, sem stýrir deildinni með aðstoð deildarráðs. Deildarráð skipa deildarstjórar, verkefnisstjóri jarðkönnunarverkefna, og rekstrarstjóri, auk deildarstjóra Orkubúskapardeildar. Orkubúskapardeildin er rekin með Vatnsorkudeild, þó hún sé skipulagslega sjálfstæð og heyri beint undir Orkumálastjóra. Deildarráð heldur fundi að jafnaði á 2-3 vikna fresti.

Yfir öllum verkefnum er verkefnisstjóri, og í stærstu verkunum hefur hann ráðgjafahóp sér til fulltingis. Verkefnisstjórar heyra beint undir forstjóra. Samráð er haft við Landsvirkjun um verk sem tengjast virkjunum og vatnsorku. Rekstrarstjóri stjórnar áætlanagerð, fylgist með inn- og útgjöldum sér um uppgjör verka og daglegan rekstur.



LANDMÆLINGAR:

Verksvið:

Að sjá um allar nauðsynlegar landmælingar fyrir Orkustofnun og úrvinnslu þeirra. Vegna kortagerðar í mælikvarða 1:20.000 (framvegis í mælikvarða 1:25.000) eru mæld þríhyrninganet og hæðanet, sem síðar eru notuð við kortagerð í stærri mælikvarða og við staðsetningu mannvirkja á virkjunarsvæðum. Önnur verkefni eru mörg og fara verkefni fyrir JHD vaxandi. Nokkur almenn tölvupjónusta er veitt.

Starfslið:

Auk deildarstjóra eru jarðeðlisfræðingur, kerfisfræðingur og mælingamaður á deildinni, en sá síðast nefndi fer til annarra starfa hjá Vatnamælingum 1986.

Verkefni 1985:

Vegna jarðskjálftarannsóknna á Suðurlandi og með tilliti til landrofs Þjórsár, var fallmælt með Þjóðvegi frá Skaftholtsrétt, niður Skeið að Þjórsárbrú og í 35 ára gömul fastmerki við Þjórsá milli brúar og Búrfells. Rannsóknarstaðir jarðfræðinga á Hofsafrétt voru mældir. Hæðarmælt var vegna landhæðarbreytinga við Kröflu, í Svartsengi og á Nesjavöllum og lengdarmælt vegna gliðnunar lands við Kröflu og í Kelduhverfi. Sum þessi verk voru söluverk, en stærsta söluverkið var við þyngdarmælingar fyrir Kortadeild Bandaríkjahers, en það var þétting á neti þyngdarstöðva, sem mælt var fyrir sama aðila 1968-71 og nær yfir landið allt, nema austanverðan Vatnajökul. Þessar mælingar hafa gildi fyrir friðsamlegar og hernaðarlegar loftsiglingar, landmælingar (hæðarmælingar með notkun gervitungla) og jarðeðlisfræðilega skoðun landsins.

Sem áður var kortagerð fyrir OS unnin af HNIT hf. Nokkur kortblöð við Síðuvötn voru teiknuð, gert var kort af sunnanverðum Urðarvötnum og landi sunnan þeirra og myndmælt var við Efri-Hvítá samkvæmt landmælingum OS.

VATNAMÆLINGAR

Starfsvið:

Að annast alhliða athuganir og mælingar á vatnafari landsins.

Aðalverkþættir:

1. Byggja vatnshæðarmælistöðvar og annast samfelldan rekstur þeirra.
2. Gera rennslismælingar hjá vatnshæðarmælum (lykil-mælingar), samanburðarmælingar og vetrarmælingar, þegar ís truflar vatnshæðarmælingar.
3. Gera aurburðarmælingar í völdum vatnsföllum.
4. Koma mæliniðurstöðum á aðgengilegt form fyrir notendur
5. Auk hinna kerfisbundnu mælinga falla undir verksvið Vatnamælinga: Dýptarmælingar stöðuvatna, mælingar á jökulhlaupum o.s.frv.

Starfslió:

Á deildinni störfuðu tíu manns í árslok. Forstöðumaður við umsjón og skýrslugerð þar til í nóvember 1985, er hann fékk leyfi frá störfum til þess að ritstýra nýrri og endurbættri útgáfu af ritinu "Íslensk vötn". Vatnaverkefningur við áætlanir, mælingar og vatnafræði, jafnframt ráðinn staðgengill forstöðumanns frá nóv. 1985.

Fjórir vatnamælingamenn er unnu við nýbyggingu vatnshæðarmæla og strengjabrauta ásamt rennslismælingum, mælaeftirliti, aurburðarsýnatöku og úrvinnslu. Þeim til aðstoðar voru þrír jarðfræðingar af og til.

Kerfisfræðingur er annaðist forritun og umsjón tölvuvinnslu. Tækniteiknari og jarðeðlisfræðingur unnu við úrvinnslu og útreikninga gagna. Sumarmaður var einnig við útvinnu og úrvinnslu. Til viðbótar þessu starfsliði eru starfandi gæslumenn víða um land er annast eftirlit vatnshæðarmæla.

Verkefni 1985:

Á árinu 1985 voru umsvif Vatnamælinga talsvert meiri en á undangengnum misserum. Aukningin var sérstaklega í nýbyggingum, bæði sírita og strengjabrauta til rennslismælinga. Nýir vatnshæðarmælar voru reistir á eftirtöldum stöðum:

Ytri Rangá; Árbæjarfoss
Svartá; Búðarkot
Vestari-Jökulsá; Skagafjarðarhálandi
Kreppa; Krepputunga
Jökulsá í Fljótsdal; Eyjabakkafoss
Hvítá; Fremstaver

Sumar þessar stöðvar leystu af hólmi eldri stöðvar. Tver hinar fyrst nefndu eru með gamla laginu (flotholts-síritar) en hinar eru með loftbólumalum. Strengjabrautir til rennslismælinga voru reistar á eftirtöldum stöðum:

Vestari-Jökulsá; Goðdölum

Kreppa; Krepputungu

Hvítá; Fremstaver

Auk þess var kláfi við Þjórsá breytt í mælikláf og fáeinir endurbættir.

Vatnshæðarmælingar á Vestfjörðum voru á ný settar undir Vatnamælingar, en Orkubú Vestfjarða annaðist rekstur þeirra um skeið.

Vatnshæðarmælakerfið í heild sinni var endurskoðað og skorið úr um hvaða mælar skyldu starfræktir áfram og hverjir skyldu leggjast niður. Jafnframt því var gæslumannakerfi VM tekið til gagngerðrar endurskoðunar og er það von manna að þær breytingar verði til verulegrar hagsbóta bæði fyrir starfsemi VM og gæslumenn.

Verulegur fjöldi rennslismælinga var gerður og voru flestar lykilmælingar. Aukin áhersla var lögð á vetrarmælingar á rennsli og var um þær ágæt samvinna við Landsvirkjun.

Ýmis verk:

Unnið var að ýmsum öðrum verkefnum t.d.:

- Námskeið um vatnafræði og mælingar fyrir nýtt starfsfólk o.fl.
- Tilraunir með íblöndun kenniefna til rennslismælinga.
- Rennslislíkön. Grein á alþj. ráðst. í Colorado, USA 1985.
- Þróun forrita til reikninga og skráningu rennslismælinga og annarrar úrvinnslu.
- Þróun forrita er miða að auðveldari notkun gagna VM (skjámyndaforrit o.fl).
- Mæling þversniða í Blöndu, Langadal ásamt forritun til frumsetningar og geymslu gagnanna.
- Rennslisgagnanefnd (REGN).

MANNVIRKJAJARÐFRÆÐIÐEILD

Starfssvið:

Starfssvið MJ er að mestu jarðfræði- og jarðtæknirannsóknir einkum á virkjunarstöðum eftir að grunnrannsóknir er lokið. Mest er vinnan á verkhönnunar- og útboðsstigum, en einnig nokkur á forhönnunar- og forathugunarstigi. Eins er fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi. Deildin starfar í nánu samstarfi við hönnuði virkjananna og væntanlegan eiganda.

Fagið mannvirkjajarðfræði tengir saman jarðfræði og verkfræði. Á þessu fagsviði fara m.a. fram dýrustu hlutar vettvangsrannsókna vegna virkjana, þ.e. boranir, grunnvatnsmælingar, jarðeðlisfræðilegar mælingar, ýmsar jarðtækni- og bergtæknilegar rannsóknir ásamt ýtarlegum efnisprófunum. Þessar rannsóknir og prófanir verða umfangsmeiri eftir því sem nær dregur byggingarstigi.

Starfslíð:

Starfsmannafjöldi MJ-VOD árið 1985 var:

Fastráðnir	8 sem skiluðu	7,1 ársverkum
Verkefnaráðnir	1 sem skiluðu	1 ársverki
Laus og sumarráðnir	3 sem skiluðu	1,6 ársverkum

Alls 12 sem skiluðu 9,8 ársverkum

Auk deildarstjóra voru á deildinni 6 jarðfræðingar (þar af 2 lausráðnir. Annar hætti á árinu), 2 verkfræðingar (annar fór í ársleyfi á árinu), 1 jarðeðlisfræðingur og 1 rannsóknarmaður, sem hætti á árinu.

Helstu verk 1985:

Söluverk: Mestur hluti þeirra var úrvinnsla vettvangsvinnu frá 1984 fyrir væntanlegar virkjanir Landsvirkjunar.

Þar voru stærstu verk:

Vatnsfellsvirkjun, Þórisvatnsmiðlun, Kvíslaveita, Sultartangavirkjun, Búrfellsvirkjun II og Bjallavirkjun og var lokið skýrslum um þessi verkefni, nema Vatnsfellsvirkjun, en sú skýrsla kemur út snemma árið 1986. Þá var nokkuð unnið við athuganir á jarðgangagerð Blönduvirkjunar. Einnig var lokið heildarskýrslu um rannsóknir Vatnsorkudeildar vegna Fljótsdalsvirkjunar, og kom hún út á árinu. Smærri söluverk voru mörg t.d. nokkur vinna við boranir og grunnvatnsathuganir vegna væntanlegra fiskeldisstöðva, þjónustu við vatnsveitur og undirbúningur ýmissa stórra og smárra mannvirkja. Þá unnu starfsmenn MJ 0.8 ársverk með LM við þyngdarmælinguar fyrir DMA og 0.2 ársverk með VM í söluverkum fyrir LV.

Deildarverk: Undirbúningur fyrir virkjun Eystri Jökulsár í Skagafirði. Athuganir við Nedri Þjórsá einkum vegna jarðskjálftahættu. Yfirlitsjarðfræðikortlagning af virkjanasvæði Þjórsár og Tungnaár. Einnig tók starfslið MJ þátt í deildarverkum með VM sem nam um 1,8 ársverkum.

Fagverk: Stærstu fagverk voru, berggæðamat og eftirlit á byggingarstigi. Fylgst var með byggingaframkvæmdum á virkjunarstöðum (t.d. Blöndu og Kvíslaveitu) til að sannreyna niðurstöður undirbúningsrannsóknna.

Verkaskipting MJ 1985

Rekstur	13% eða 2.600 tímar	p.e. 1,2 ársverk
Fagverk	15% eða 2.900 tímar	p.e. 1,5 ársverk
Deildarverk	32% eða 6.200 tímar	p.e. 3,1 ársverk
Söluverk	40% eða 7.900 tímar	p.e. 4,0 ársverk

Alls 19.600 tímar p.e. 9,8 ársverk

JARÐFRÆÐIKORTLAGNING

Starfssvið:

Vegna grunnrannsóknna á vatnasviðum og virkjunarsvæðum: Jarðfræðikortlagning í mælikvörðum 1:50.000 og 1:100.000 (berg, set og jarðvatnafar, þ.e. jarðvatn og vatnajarðfræði). Laus byggingarefni (vegna grunnrannsóknna og hönnunarrannsóknna): Leit, könnun á gerð, útbreiðslu og magni, flokkun. Jarðvatns- og vatnajarðfræðikannanir á virkjunarsvæðum og vegna neyzlu- og nytjavatnsöflunar. Ýmis þjónusta í set- og jarðvatnsfræðum.

Starfslið:

Deildarstjóri og 5,6 jarðfræðingar auk þess sem 1 jarðfræðingur vann fyrir JHD mestan hluta ársins. Vinnu þeirra 1985 má skipta eftir sérsviðum og viðfangsefnum sem hér segir: Um 2 ársverk við bergkortlagningu og skylda vinnu; um 2,5 ársverk við setkortlagningu, byggingarefnisrannsóknir og skyld verk; rúmlega 1 ársverk við jarðvatnsrannsóknir, kortlagningu, vatnsöflun og skyldan starfa; innan við 1 ársverk í stjórnun og ýmis konar þjónustu.

Helstu verk 1985:

Fagverk: Úskulagatímatatal, einkum á vatnasviði Þjórsár. Stöðlun á kortagerðarferli fyrir jarðfræðikort. Ýmis smærri verk, þ.á. m. framhald nokkurra verka frá fyrra ári.

Virkjunarrannsóknir: Jarðfræðikortlagning á vatnasviðum Þjórsár-Tungnaár, Neðri-Þjórsár, Jökulsár á Dal, Efri-Hvítár, Markarfljóts. Byggingarefnisrannsóknir við Jökulsá Austari í Skagafirði.

Ýmis deildarverk: Myndun og mótun sandstranda á Suðurlandi. Lindakannanir í Borgarfirði. Ferskvatn til fiskeldis og grunnvatn á Reykjanesskaga. Samantekt um grunnvatn og jarðefni á Íslandi fyrir erlend yfirlitsrit.

Ýmis söluverk: Neyslu- og nytjavatn fyrir sveitarfélög og fiskeldi, jarðsjávaröflun fyrir fiskeldi. Áhrif vatnsborðs í Lagarfljóti á jarðvatnsstöðu (fyrir RARIK). Þátttaka í þyngdarmælingum (á vegum Bandaríkjahers).

UMHYRFISRANNSÓKNIR

Starfssvið:

Aðalverkefni deildarinnar er að sjá til þess að nauðsynlegar umhverfISRANNSÓKNIR fari fram á stigum forrannsóknna á virkjunarsvæðum, síðar virkjunarstöðum. Meiri hluti þeirra er keyptur af rannsóknarstofnunum á sviði náttúrufræða. Deildin sér að mestu sjálf um rannsóknir á sviði vatnalíffræði. Hún sér einnig um rekstur aurburðastofu.

Starfslíð:

Fastráðnir starfsmenn eru tveir. Einn líffræðingur, sem hefur umsjón með umhverfISRANNSÓKNUM vegna virkjana, og tekur þátt í þeim. Einn Landfræðingur, sem sér um úrvinnslu aurburðarsýna og ýmsar bergfræðilegar mælingar.

Verkefni 1985:

Fagverkefni: Áfram fylgst með framvindu í Þórisvatni, og auk þess tekin sýni til að fylgjast með nýju vatni (Kvíslavatni) við Þjórsá. Unnið var að gagnasöfnun og skýrslu um landnýtingu vegna orkuvinnslu.

Deildarverkefni: Vegna aurburðarrannsóknna voru mæld rösk 250 sýni. Lokið var úrvinnslu botnskriðssýna Á árinu var haldið áfram heildar samantekt á niðurstöðum aurburðarrannsóknna frá upphafi, og eru skýrslur væntanlegar 1986. Þá verður rannsóknaráætlun væntanlega endurskoðuð frá grunni.

Í virkjunarrannsóknnum kom út skýrsla um vatnalíf á Hofsafrétti og skilað var skýrslum um umhverfISRANNSÓKNIR v. virkjunar Jökulsáa í Skagafirði og vegna Jökulsár á Dal (veitu frá Jökulsá á Fjöllum við Fagradalsfjall). Hafin var athugun á veitu Jökulsár á Fjöllum við Arnardal og lónstæðum á Jökuldalsheiði. Vegna Hvítár í Árn. var gefin út skýrsla um gróðurfarsathugun á Hvítárnesi.

Söluverk: Svifaur var mældur fyrir ýmsa aðila, svo sem Landsvirkjun og sveitafélög.

VERK- OG VATNAFRÆÐIDEILD

Starfssvið:

Verk- og vatnafræðideild skiptist í tvær tiltölulega sjálfstæðar einingar, Straumfræðistöð annars vegar og virkjanaáætlanir og vatnafræði hins vegar. Hlutverk deildarinnar er að:

Annast líkantilraunir einkum vegna undirbúnings virkjana (Straumfræðistöð)

Skilgreina nýtingu vatnsorku á einstökum vatnasviðum.

Gera frumsamanburð á virkjanatilhögunum.

Hafa umsjón með forathugun og forhönnun virkjana.

Hafa umsjón með gerð rennslisraða vegna rekstrareftirlíkings í samvinnu við Vatnamælingar og Landsvirkjun.

Annast ýmiss konar grunnvatnsrannsóknir, einkum til að meta lekt jarðlaga.

Afla almennrar þekkingar um vatnafar landsins.

Starfslíð:

Á deildinni störfuðu átta manns í árslok, fjórir við Straumfræðistöð og fjórir við áætlanagerð og vatnafræði. Tveir verkfræðingar (fastráðnir) vinna við áætlanir og vatnafræði, einn jarðfræðingur (ráðinn til þriggja ára) vinnur við áætlanir og forritun, einn vatnafræðingur (fastráðinn) vinnur við gerð rennslislíkana, almennar vatnafræðirannsóknir, og forritun, auk þess sem hann hefur umsjón með rekstri tölvu Orkustofnunar fyrir hönd Vatnsorkudeildar. Tveir tæknifræðingar (fastráðnir), einn trésmíðameistari og einn rannsóknarmaður (lausráðinn) vinna við líkantilraunir í Straumfræðistöð.

Helstu verkefni:

Unnið var að eftirtöldum fagverkefnum:

- Tölvunámskeið.
- Þróun rennslislíkana.
- Gagnabanka um veðurfar vegna rennslislíkana.
- Endurskoðun kostnaðarjafna og einingarverðs í virkjanalíkani Orkustofnunar, ásamt þróun líkansins.

Deildin lagði til vinnu við eftirtalin deildarverkefni:

- Jökulsár í Skagafirði, vatnamælingar o.fl.
- Forathugun virkjana í Hvítá í Borgarfirði, Skjálfandafhljóti, Jökulsá á Dal, Markarfljóti, Efri Hvítá, Brúará og við Hagavatn.
- Rennslisgagnanefnd (Regn).
- Nefnd til að endurskoða aðferðir við mat á orkumætti vatnsorkukerfa og rekstri þeirra. (Stamovar).
- Samstarfsnefnd um undirbúning virkjana (Vísir).

Auk þess var unnið að ýmsum verkefnum fyrir iðnaðarráðuneytið einkum vegna norræns samstarfs.

Deildin tók þátt í eftirtöldum söluverkefnum, sem öll voru unnin fyrir Landsvirkjun:

- Rannsóknir vegna virkjunar við Vatnsfell úrvinnsla gagna frá 1984).
- Rannsóknir vegna Kvíslaveitu (úrvinnsla gagna frá 1984).
- Rannsóknir vegna stækkunar Búrfells (úrvinnsla gagna frá 1984).
- Rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar (veðurfar).

Ennfremur:

- Rannsóknir vegna vatnsöflunar fyrir fiskeldi o.fl.

Í Straumfræðistöð lauk vinnu við eftirtalin líkön vegna Blönduvirkjunar, einnig fyrir Landsvirkjun:

- Botnrás og lokuvirki við Reftjarnarbungu.
- Botnrás og lokuvirki við Kolkuhól.

Einn starfsmaður Straumfræðistöðvar vann eingöngu að straumfræðiathugunum fyrir Hafnarmálastofnun. Vegna lítilla verkefna í stöðinni unnu starfsmenn að ýmsum deildarverkefnum, einkum á sviði land- og vatnamælinga, jafnframt að viðhaldi við húsnæði og búnað stöðvarinnar.

ORKUBÚSKAPARDEILD

Starfssvið:

Meginstarfssvið deildarinnar er:

- Safna gögnum um alla þætti orkumála.
- Veita stofnunum, innlendum sem erlendum, og almenningi upplýsingar um orkumál.
- Gefa út rit um helstu þætti orkumála (Orkumál).
- Vinna að áætlunum um orkunotkun (Orkuspárnefnd).
- Gerð langtímaáætlana um uppbyggingu orkukerfa, þróun aðferða við mat á orkukerfum.
- Kanna hagkvæmni orkugjafa og nýtingu þeirra.

Starfslíð:

Á deildinni eru tveir verkfræðingar, einn fulltrúi sem ritstýrir Orkumálum og skrifstofumaður hálfan daginn sem vinnur við gagnasöfnun.

Verkefni árið 1985:

Á árinu var unnið að ýmsum verkum, en þau helstu voru:

Gagnasöfnun og upplýsingamiðlun um orkumál: Verkefnið var með hefðbundnum hætti á árinu. Hefti númer 34-35 af Orkumálum kom út en þar er að finna gögn um orkumál fyrir árin 1981 og 1982 og í fylgiriti eru helstu upplýsingar um árið 1984. Áfram var unnið að tölvuvæðingu gagnasöfnunar og er það verk langt komið.

Orkuspár: Á árinu var unnin ný raforkuspá og kom skýrsla út um það verk í lok sumars. Allar aðferðir og forsendur voru rækilega endurskoðaðar frá eldri spám og varð niðurstaðan líka nokkuð önnur en í síðustu spá, þ.e. gert er ráð fyrir mun hægari vexti raforkunotkunar en áður. Á aðalfundi Sambands íslenskra rafveitna var spáin kynnt og einnig á norrænum fundi um orkuspár. Einnig er fjallað um ýmis atriði í skýrslunni sem ekki var í eldri spám. Alls hélt nefndin 16 fundi á árinu.

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra (STAMÓVAR): Áfram var unnið að athugun á forsendum sem ganga inn í orkuvinnslureikninga og í lok árs voru þær athuganir langt á veg komnar. Fyrsta áfangaskýrsla hópsins kom út snemma á árinu. Um vorið var farið til Noregs og Svíþjóðar og kannað hvernig þar er staðið að þeim málum sem starfshópurinn vinnur að hér á landi og fjallaði áfangaskýrsla II um þá ferð. Á vegum Orkustofnunar var unnin athugun á reiknivöxtum og í lok árs átti einungis eftir að fjölrita skýslu um þá athugun. Einnig voru teknar saman upplýsingar um kostnað vegna orkuskortis hér á landi og erlendis og var þeirri vinnu að mestu lokið á árinu. Á Vatnsorkudeild var unnið að athugunum á óvissu í

mældu og reiknuðu rennsli og á lengingu renslisraða aftur á síðustu öld. Í árslok var hafin vinna við áfangaskýrslu III. Hópurinn hélt 15 fundi á árinu.

Ýmis verkefni: Lítið var unnið að orkusparnaði og þá aðeins í tengslum við Orkusparnaðaráttak Iðnaðar- og Félagsmálaráðuneytis. Á vegum Framtíðarkönnunar forsætisráðherra var unnið í svokölluðum orkuhóp að gerð skýrslu um orkumál næstu áratuga. Þar að auki var unnið að ýmsum smærri verkefnum bæði innan deildarinnar og einnig í tengslum við aðrar deildir Orkustofnunar.

STARFSMANNASKRÁ 1985

Starfsheiti eru að mestu leyti samkvæmt skrá Launadeildar Fjármálaráðuneytisins, nema hvað náttúrufræðingar eru flokkaðir sundur. Fangamörk eru samkvæmt skrá Orkustofnunar 1983. 04.12. og síðari viðbótum eða breytingum. Fangamörk í sviga eru einvörðungu notuð innan VOD, þar að þau eru eins og fangamörk starfsmanna á öðrum deildum Orkustofnunar, eða fangamörk fólks, sem ráðið er til skamms tíma. Fjöldi mánaðarverka er skráður hjá lausráðnu starfsfólki og þeim, sem unnu ekki allt árið. Hlutastörf eru skráð sem hundraðshlutar af fullu starfi.

SAMKOSTNAÐUR (SK)

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Haukur S. Tómasson, forstjóri	HT	
Helgi Gunnarsson, rekstrarstjóri	HG	
Gunnar Jónsson, fulltrúi	GJ	
Guttormur Sigbjarnarson, deildarstjóri	G.Sig(GS)	
Lausráðið starfsfólk:		
Jóhanna Pétursdóttir skrifstofumaður	JP	
Sigrún Hauksdóttir, skrifstofumaður	SiH	0,8
Sigurbjörg H. Birgisdóttir, skrifstofumaður	SHB	

VATNAMÆLINGAR (VM):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Sigurjón Rist, forstöðumaður	SR	
Arni Snorrason, verkfræðingur	ÁSn	
Ásgeir Sigurðsson, rannsóknarmaður	ÁS	
Davíð B. Guðnason, vatnamælingamaður	DG	
Eberg Elefsen, vatnamælingamaður	EE	
Guðmunda Andrésdóttir, yfirtækniteiknari	GAn	6,0
Gunnsteinn Stefánsson, vatnamælingamaður	GSt	
Lausráðið starfsfólk:		
Steinn Sigurðsson, háskólanemi	StS	2,2

LANDMÆLINGAR (LM):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Gunnar Þorbergsson, forstöðumaður	GP	
Ásgeir Gunnarsson, rannsóknarmaður	ÁG	
Guðmundur H. Vigfússon, rannsóknarmaður	GHV	
Lausráðið starfsfólk:		
Arni G. Pálsson, mælingam.	(ÁGP)	4,9
Ingvar Þ. Magnússon, jarðeðlisfræðingur	IPM	10,0
Kristinn H. Þorbergsson, yfirkennari	(KHP)	0,3
Steinn E. Kristmundsson, mælingamaður	(SEK)	0,7
Kristján Jónasson, afleysingastarfsm.	(KJ)	1,2

MANNVIRKJAJARÐFRÆÐI (MJ):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Birgir Jónsson, deildarstjóri	BJ	
Ágúst Guðmundsson, jarðfræðingur	ÁG	
Björn A. Harðarson, jarðverkfræðingur	BAH	
Björn Jónasson, jarðfræðingur	BJJ	
Davíð Egilson, deildarverkfræðingur	DE	7,5
Halína M. Bogadóttir, jarðeðlisfræðingur	HB	
Jósef J. B. Hólmjárn, rannsóknarmaður	JH	2,0
Oddur Sigurðsson, jarðfræðingur	OS	
Snorri Zóphóníasson, jarðfræðingur	SZ	
Lausráðið fólk:		
Bjarni Kristinsson, jarðfræðingur	BK	12,0
Magnús T. Guðmundsson, háskólanemi	(MTG)	0,3
Pétur Pétursson, jarðfræðingur	PP	5,7

JARÐFRÆÐIKORTLAGNING (JK):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Freysteinn Sigurðsson, deildarstjóri	FS	
Árni Hjartarson, jarðfræðingur	ÁH	
Bessi Aðalsteinsson, jarðfræðingur	BA	
Elsa G. Vilmundardóttir, jarðfræðingur	EGV	
Ingibjörg Kaldal, jarðfræðingur	IK	7,6
Skúli Víkingsson, jarðfræðingur	SV	
Snorri P. Snorrason, jarðfræðingur	SPS	2,0
Pórolfur H. Hafstað, jarðfræðingur	PHH	
Lausráðið starfsfólk:		
Sigbjörn Guðjónsson, jarðfræðingur	SIG	12,0
Margrét Hallsdóttir	(MH)	1,3

UMHYRFISRANNSÓKNIR (UR):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Hákon Aðalsteinsson, deildarstjóri	HA	
Svanur Pálsson, landfræðingur	SP	
Lausráðið starfsfólk:		
Georg Guðni Hauksson, tæknimaður	GGH	0,4
Sigurbjörn Einarsson, jarðvegsfræðingur	SigE	2,9

VATNA- OG VERKFRÆÐI (VV):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Jón Ingimarsson, deildarstjóri	JI	
Hörður Svavarsson, jarðfræðingur	HSs	
Kristinn Einarsson, vatnafræðingur	KE	
Þorbergur Þorbergsson, verkfræðingur	ÞÞ	

STRAUMFRÆÐISTÖÐ (SFS):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Björn Erlendsson, deildartæknifræðingur	BE	
Gestur Gunnarsson, tæknifræðingur	GG	
Lausráðið starfsfólk:		
Stefán Hermannsson, rannsóknarmaður	SH	12,0
Þorsteinn Jóhannsson, verkstjóri	ÞJÓ	11,2

ORKUBÚSKAPUR (OB):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Jón Vilhjálmsson, deildarstjóri	JV	
Ingibjörg J. Gísladóttir, skrifstofumaður	IG	6,0
Ólafur Pálsson, verkfræðingur	ÓP	
Rútur Halldórsson, fulltrúi	RH	

Tafla 4.1
Skipting virks vinnutíma og kostnaðar á verkefnaflokka.

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD
1986-03-12 HG

VERKEFNA- OG FJARHAGSUPPGJÖR VOD 1985
MEGINSKIPTI TÍMA OG FJAR

	VINNU- STUNDIR	VIKU VERK	%	1) LAUNA- GJÖLD Kkr	2) BOKFÆRT BEINT A VERK Kkr	3) KOSTN ÓBEINN Kkr	VOD ALLS (1+2+3) Kkr	%
REKSTUR	16,340	408	18.0	6,043	2,507	1,160	9,710	14.5
FAQVERK	7,424	186	8.0	2,914	0	2,928	5,842	8.7
DEILDARV.	45,848	1,146	49.0	17,018	10,558	6,036	33,612	50.2
SÖLUVERK	23,420	586	25.0	8,671	6,782	2,332	17,785	26.6
	93,032	2,326	100.0	34,646	19,847	12,456	66,949	100.0
						STOFNKOSTN	5,460	
						UTGJÖLD	72,409	

Skýringar:

Launakostnaður er samsettur úr greiddum launum og launagjöldum (orlof á yfirvinnu, lífeyrissj. launask. o.fl.).

Vinnutími er annarsvegar tími skráður á tiltekin verk (93.030), og hinsvegar óvirkur tími (32.240; orlof, veikindi, matartímar o.p.h.). Greiddar vinnustundir voru samtals 125.270 á árinu 1985.

Launagjöld og óvirkur tími gera saman óbeinan launakostnað. Þeim kostnaði er jafnað út á virkan tíma, og dreift á verk í hlutfalli við vinnuframlag til þeirra

$$\text{Launakostn. til skipta} = \frac{\text{launakostn. (beinn+óbeinn)}}{\text{virkur vinnutími}}$$

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD
1986-03-12 HG

VERKEFNAUPPGJÖR VÖÐ 1985
FAGVERKEFNI

VERKNR.	VERKHEITI	SK	VM	LM V	MJ I	JK K	UR U	VV R	SS	OB	VIKUR ALLS	LAUN Kkr.	BEINT A VERK Kkr.	O BEINT VERK Kkr.
308	Mentun namsk.	8.8		0.2	6.8	2.4	0.4	0.2		0.2	19.0	293		120
311	Kenniefni		2.0								2.0	26		
312	Rennslisliðön		1.5								1.5	19		
318	Menntun í starfi		8.5		1.1	0.4	0.2	0.5			10.7	146		296
321	Gagnasafn		2.8								2.8	35		
326	Forritagerð		3.2								3.2	40		
327	Tölvufræði		4.4								4.4	55		
328	Landmælifræði		4.9								4.9	62		35
329	Ymis fagverk LM		0.8								0.8	10		
331	Bortækni		3.0		1.3						4.3	60		150
332.1	Grunnvatn				3.4						3.4	57		150
334.1	Bergtekni				5.6						5.6	94		307
335	Eftirlit á byggingastigi				12.2						12.2	204		
337	Jarðeðlisfræði				3.3						3.3	55		46
338	Hæfing				20.1						20.1	336		47
339	Ymis fagv. MJ				16.4						16.4	275		
341.1	Efnagr. á grunnvatni					0.8					0.8	13		17
344.1	Öskulagarannsóknir					3.0					3.0	49		28
345.1	Gerð jarðfræðikorta					8.2					8.2	134		104
347.1	Fallvatnaset					1.2					1.2	20		
348.3	Namsk. og raðstefnur					6.3					6.3	103		42
349	Ymis fagverk JK					0.8					0.8	13		
352	Netturufarskönnun						2.7				2.7	46		
354	Jökulvötn						2.2				2.2	37		
358	Vatnælifr. og umhv.				0.8		9.1				9.9	169		72
359	Ymis fagverk UR						0.3				0.3	5		39
361	Grunnvatn							0.2			0.2	3		
364	Veðurfar							0.7			0.7	12		
365	Yfirborðsvatn							0.5			0.5	8		
367	Verkfræði							6.1			6.1	104		1,213
368	Namsk. raðstefnur							6.8			6.8	116		132
369	Ymis fagverk VV							3.8			3.8	65		
372/374	Hönnun, viðh. tækja								2.0		2.0	26		
388	Rafmagnsk. hæfing									5.1	5.1	74		110
389	Ymis fagverk OB									10.4	10.4	150		
		8.8	12.0	19.3	71.0	23.1	14.9	18.8	2.0	15.7	185.6	2914.0	0.0	2928.0

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD
1986-03-12 HG

VERKEFNAUPLGJÖR VOD 1985
DEILDARVERKEFNI

VERKNR.	VERKHEITI	SK	VM	LM V	MJ I	JK K	UR U	VV R	SS	OB	VIKUR ALLS	LAUN Kkr.	BEINT A VERK Kkr.	O BEINT VERK Kkr.	ALLS Kkr.
520	Kljefoss	0.2						5.2			5.4	91			91
550	Vestfirðir		2.0								2.0	26	136	12	174
645	Eystri-Jökulsa	9.4	24.3	16.0	52.0	14.3	3.8	10.7	5.0		135.5	2,068	3,029	566	5,663
673	Skjalfandafliot		6.7	1.3	2.2			11.6			21.8	338		38	376
730	Jökulsa a Dal	5.5	17.2		2.8	47.2	2.8	8.9			84.4	1,320	766	177	2,263
810	Siðuvötn	1.6	1.3	0.2		1.3	1.2	3.2			8.8	138	588	55	781
832	Mærkarfliot	0.2				7.3	0.3	7.5			15.3	255	30	29	314
84002	Þjorsarsvæði grunnv	1.0			5.1	0.1					6.2	101			101
84003	Þjorsa allt vatnsv.				5.6	50.4					56.0	919	380	93	1,392
842	Neðri-Þjorsa		58.5	0.3	15.0		5.9				79.7	1,089	880	62	2,031
876	Bruera							2.0			2.0	34			34
880	Efri-Hvita	10.1	8.6	14.2	6.6	0.6	16.8	14.0			70.9	1,066	2,123	22	3,211
903	Glíðnun landsins			10.9				3.0			13.9	177	170		347
910	Aurburðarráðstefna	20.8			2.5	1.0					24.3	326	16		342
916	Aurburðarráðsoknir	0.8	5.2	0.8	13.1	1.3	24.5	4.7			50.4	810		371	1,181
918	Suðurströnd				4.2	17.4	1.8	1.0			24.4	399	58		457
92101	Vatnshæðarmælir		72.9	0.8	15.5						89.2	1,216		2,373	3,591
92102	Frumurvinnsla VM		61.0		13.7						74.7	1,022			1,022
922	Rennslismælingar		35.6		2.8			0.2			38.6	512		1,850	2,362
925	Jökularannsóknir	4.4	2.5		2.3	1.7					10.9	161			161
92701	Rennslissparnefnd		0.1								0.1	1			1
92801	Utgafa rennlissk.		33.6								33.6	436	119	194	749
92803	14 daga rennlisr.		2.4					2.5			4.9	74			74
93101	Vatnsafl Islands							20.2			20.2	344			344
93103	Vatnsorkurannsóknir				1.9			2.6			4.5	76			76
941	Orkuspar									22.4	22.4	324	168		492
942	Orkukerfi		2.0					15.7		14.8	32.5	507	716	109	1,332
944	Orkusparnaður									7.7	7.7	111	17		128
948	Gagnasöfn orkum.				0.2					79.4	79.6	1,152	146		1,298
952	Þroun jarðgangag.		4.3		9.9						14.2	226			226
958	Raflinurannsóknir	43.3	0.6								43.9	619	708	2	1,329
96001	Jarðnytjaskra		2.5			2.5					5.0	76		12	88
962	Titan		1.1		5.9		6.2	2.2			15.4	249	187	60	496
96501	Neyslumatnaskra		1.4		1.4	2.0	0.4				5.2	83		9	92
96502	Lindamælingar					3.1					3.1	51			51
977	Fiskeildi		1.4		0.5	2.8	1.0	6.1			11.8	195	112		307
928	Staðarval stóriðju	3.5	1.0								4.5	62			62
997	Iónaðarraðurneyti							2.4			2.4	41			41
	Ymis deildarverk	0.9	5.7	2.9		5.4		1.9	6.0		22.8	323	209		532

102.3 284.2 100.0 156.1 179.4 42.2 123.8 35.9 124.3 1148.2 17018.0 10558.0 6036.0 33612.0

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD
1986-03-12 HG

VERKEFNAUPPGJÖR VOD 1985
SÖLUVERKEFNI

VERKNR.	VERKHEITI	SK	VM	LM V	MJ I	JK K	UR U	VV R	SS	OB	VIKU VERK	LAUN Kkr.	BEINT A VERK Kkr.	O BEINT VERK Kkr.	ALLS Kkr.	
630.1	Blanda neðan virk.		7.2			0.1					7.3	95		20	115	
633	Likantilraunir SFS							0.1	15.5		15.6	206	28	180	414	
633.1	Blanda v/Eiðsstaði	0.1			3.4						3.5	57		20	77	
760.1	Fljótsdalsvirkjun		30.4	0.6	16.4	13.0		2.5			62.9	932	69	403	1,404	
760.2	Fljótsdalsvirkjun	0.2	4.2	1.4		9.2	0.2				15.2	229		30	259	
840.1	Þjorsars. Tungnaars.				4.5	0.1					4.6	77	43	60	180	
844.1	Burfell	0.2						0.9	2.9		4.0	60			60	
845.1	Sultartangi			1.8	32.2						34.0	562			562	
845.2	Sultartangi SFS							13.3			13.3	175		80	255	
846.1	Efri-Þjorsa				0.8						0.8	13			13	
847.1	Kvislavelta				31.7	0.1					31.8	533		150	683	
849.1	Þjórsárver				2.9						2.9	49			49	
854.1	Sigalda						1.7				1.7	30		5	35	
856.1	Þorísvatn				15.4	11.3					26.7	443			443	
860.1	Vatnsfell			1.8	15.9	4.7		0.5	1.0		23.9	388			388	
860.2	Þjállavirkjun				2.5	2.1					4.6	76			76	
861.1	Aurburður				0.2		7.2				7.4	126			126	
902.1	Þyngdarsvið merking			28.8			0.4	0.6			29.8	377	238	60	675	
902.2	Þyngdarsvið þétting			23.1	27.7	18.0					68.8	1,050	2,280	610	3,940	
904.1	Þyngdarsvið tilboð			35.4	13.8						49.2	677	4,069	410	5,156	
956.1	Vita- og hafnarval							56.0			56.0	737			737	
	Ymislegt JHD (LM ofl)	0.2		30.6	6.0	2.8	0.2	0.1	12.3		52.0	701		110	811	
	Ymislegt	6.5	1.8	7.0	25.9	16.6	3.3	1.1	7.1		69.3	1,078	55	194	1,327	
			7.0	43.6	130.5	199.3	78.0	13.0	5.8	108.1	0.0	585.3	8671.0	6782.0	2332.0	17,785



ORKUSTOFNUN
Vainsorkudeild

VERKNÚMÉR 3x0

ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður Sameiginleg þjónuta og stjórnun VOD

Markmið Samræming á starfsemi VOD og annara deilda OS
Dagleg stjórnun deildarinnar og uppbygging.

Verkefnisstjórn Haukur Tómasson / Helgi Gunnarsson

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Hlutur VOD í rekstri teiknistofu Rekstrark. deilda						591.000 205.000
ALLS			925.000			796.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	18,5	12.145	225.000	45,2	14.107	637.636
VM	9,0	11.430	103.000	15,8	12.982	205.116
LM	5,0	12.207	61.000	14,3	12.586	179.980
MJ	23,9	13.265	317.000	48,8	16.759	817.839
JK	11,3	13.039	147.000	18,7	16.378	306.269
UR	6,3	13.969	88.000	6,8	17.083	116.164
VV	4,0	12.770	51.000	6,2	17.026	105.561
SS	5,0	12.493	62.000	39,8	13.154	523.529
OB	2,5	12.106	30.000	1,2	14.466	17.359
ALLS	85,5		1.084.000	196,8		2.909.000
Heildar kostnaður						3.705.000
Tekjur						0
Mismunur						3.705.000

Verkpættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)



ORKUSTOFNUN
Vainsorkudeild

VERKNÚMER 301.1

ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður **Bílamál**


Markmið **Sem best nýting á bifreiðum og halda kostnaði sem lágstum.**

Verkefnissjórn **Helgi Gunnarsson**

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Bifreiðakostnaður er færður á viðkomandi verk.						
ALLS						

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	3,5	12.145	42.000	4,9	14.107	69.124
VM	2,5	11.430	29.000	1,8	12.982	23.368
MJ				0,8	16.759	13.407
ALLS	6,0		71.000	7,5		105.900
Heildar kostnaður						
Tekjur Kkr.						(3.464)
Mismunur.						

Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
<u>Eigin bílar</u>	Áætlaður akstur 170.000 km Kostnaður 2.211 Kkr.	Akstur 153.315 km. Kostnaður 2.870 Kkr. (18,7kr/km)
<u>Starfsm. bílar</u>	Áætlaður akstur 68.000 km Kostnaður 945 Kkr.	Akstur 51.440 km Kostnaður 689 Kkr. (13,4kr/km)
<u>Bílaleiga</u>	Áætlaður akstur (600 dagar) 72.000 km Kostnaður 1.945 Kkr. alls km 310.600 alls Kkr. 5.101	Akstur 80,512 km, 711 dagar Kostnaður 2.162 Kkr (26.8 kr/km) 113,2 km/dag Alls km 285,267 Alls Kkr. 5.721 Keyptur Toyota R-15674 (1255 Kkr) Keypir 2 Patrol f/VM (2x622 Kkr)

 ORKUSTOFNUN Vatnsorkudeild	VERKNÚMÉR 301.4
<h2 style="margin: 0;">ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985</h2>	
Heiti verks: staður Rekstur húsnæðis	
Markmið	
Verkefnisstjórn Helgi Gunnarsson	

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Grensásv. 9			30.000			1.500
Skeifan 8			253.000			422.800
Skemma Keldnah. (45.000 +80.000)			125.000	(325.500 + 238.000)		563.500
Straumfræðistöð			280.000		190.000	
Egilsstaðir			8.000		8.200	
ALLS			696.000			1.186.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	0,5	12.145	6.000			
VM	0,7	11.430	8.000			
MJ	2,0	13.265	27.000	3,5	16.759	58.700
SS	21,0	12.493	262.000	20,0	13.154	263.300
ALLS	24,2		303.000	23,5		322.000
Heildar kostnaður						
Tekjur						
Mismunur						

Verkpættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
Umsjón og viðhald húsnæðis í eigu OS, ásamt leigu-húsnæði		



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

VERKNÚMER 301.5

ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður Áhöld

Markmið

Viðhald og rekstur tækja, áhalda og búnaðar

Verkefnisstjórn Helgi Gunnarsson o.fl.

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
SK/FP			143.000			120.000
VM			170.000			117.000
LM			20.000			41.000
MJ			370.000			187.000
JK			10.000			34.000
UR			20.000			30.000
VV			100.000			13.000
SS			25.000			5.000
ALLS			858.000			547.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
VM	1,8	11.430	20.000	MJ 3,0	16.759	50.000
ALLS	1,8		20.000	3,0		50.000
Heildar kostnaður						597.000
Tekjur						
Mismunur						

Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

VERKNÚMÉR 302

ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður Tölvuþjónusta

Markmið

Verkefnisstjórn Kristinn Einarsson

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Rafr. OS (SK)			394.000			145.000
-"- SSD						955.000
ALLS			394.000			1.100.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	0,5	12.145	6.000	0,5	14.107	7.100
LM	10,0	12.207	122.000	11,1	12.586	139.700
JK	3,0	13.039	39.000	7,7	16.378	126.100
VV	8,0	12.770	102.000	13,4	17.026	228.100
ALLS	21,5		269.000	32,7		501.000
Heildar kostnaður						1.601.000
Tekjur						
Mismunur						

Verkpættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
<u>Forritagerð</u>	Gerð og kaup ýmissa forrita	Keyptir skjáir o.fl. 649 KKr. SK.
<u>Aðkeypt</u>	Aðkeyptar tölvukeyrslur og innsláttur gagna	Innifalið í kostnaði SSD er rekstur, viðhald og ýmis hugbúnaður m.a. Unibus og MUX.
<u>Aðstoð</u>	Aðstoð við notendur	
<u>Kerfi</u>	Úthlutun númera, gangsetning og fleira	



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

VERKNÚMER 303

ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður

Málasafn VOD

Markmið

Varóveisla og flokkun gagna Vatnsorkudeildar í sameiginlegu safni

Verkefnisstjórn

Helgi Gunnarsson

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Möppur hillur kort o.fl.			60.000			3.000
ALLS			60.000			3.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	17,3	12.145	210.000	3,9	14.107	55.100
LM	3,5	12.207	43.000			
MJ	12,5	13.265	166.000	1,5	16.759	25.100
JK	0,8	13.039	10.000	0,8	16.378	13.100
ALLS	34,1		429.000	6,2		93.000
Heildar kostnaður						96.000
Tekjur						
Mismunur						

Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
<u>Flokkunarkerfi</u>	Gefa út í greinagerð verk-númerakerfi VOD	
<u>Bréf, greina-gerðir og skýrslur</u>	Safna saman til geymslu og flokka samkvæmt númerakerfi VOD Gera veggspjöld o.fl. f. skilafund.	



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

VERKNÚMÉR 304

ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður Söluverkefni

Markmið

Öflun söluverkefna, áætlanir og uppgjör þeirra

Verkefnisstjórn Helgi Gunnarsson / Guttormur Sigbjarnarson

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Útgáfa			30.000			
ALLS			30.000			

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	18,3	12.145	222.000	13,6	14.107	191.800
SS	0,8	12.493	10.000			
JK				0,7	16.378	11.200
ALLS	19,1		232.000	14,3		203.000
Heildar kostnaður						203.000
Tekjur						
Mismunur						

Verkpættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
<u>Skráning verka</u>	Umsjón með skráningu söluverka.	Verksala varð 23,420 klst. og voru verksölutekjur 37.204 KKr.
<u>Áætlanagerð</u>	Áætla kostnað og mannpörf söluverka.	Þar af verða 7.755 bókfærðar á 1986.
<u>Útskrift reikn.</u>	Taka saman vinnuframlag og annan kostnað vegna söluverkefna og skrifa út reikninga.	
<u>Gjaldskrármál</u>	Endurskoða gjaldskrá vinnu tækjaleigu reglulega. Verksala áætluð um 18.240 klst. Verksölutekjur áætlaðar 13,0 MKr.	



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

VERKNÚMÉR 305

ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður **Áætlanagerð**

Markmið

Sem best nýting starfsfólks og fjár VOD

Verkefnisstjórn **Haukur Tómasson / Helgi Gunnarsson**

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Fjölritun		20.000	40.000			35.000
ALLS			40.000			35.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	24,5	12.145	298.000	32,0	14.107	451.424
VM	1,0	11.430	12.000	2,2		
LM	1,0	12.207	12.000	0,1		
MJ	6,8	13.265	90.000	3,6		
JK	3,2	13.039	42.000	6,1		
UR	8,9	13.969	124.000	11,6		
VV	5,0	12.770	64.000	4,4		
SS	0,5	12.493	6.000	1,1		
ALLS	50,9		648.000	61,1		930.000
Heildar kostnaður						965.000
Tekjur						
Mismunur.						

Verkpættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
<u>Fjárhags- og verkáætl.</u>	Gera ýtarlega áætlun um skiptingu á fé og mannafla milli verka og gefa út í greinagerðaformi fyrir miðjan maí. Endurskoða áætlunina reglulega (jún/júl.okt.).	
<u>Fjárhags- og verkskil 1984</u>	Ljúka verkskilum fyrir skilafund 30. mars.	
<u>Fjárlagatill. '86</u>	Gera tillögur um fjárveitingu fyrir árið 1986 fyrir lok maí	
<u>Ýmis kynning</u>	Vinna við ársskýrslu OS og aðra kynningarstarfssemi er færð undir þetta númer.	



ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður Starfsmannamál / vinnuskýrslur

Markmið

Fylgjast með vinnuframlagi starfsmanna til einstakra verka, úrvinnslu gagna vegna áætlanagerðar og uppgjörs.

Verkefnisstjórn Helgi Gunnarsson

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
ALLS						

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	18,0	12.145	219.000	10,0		
UR	1,3	13.969	18.000			
JK				0,7		
ALLS	19,3		237.000	10,7		153.000
Heildar kostnaður						153.000
Tekjur						
Mismunur						

Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
1)	Sjá til þess að vinnuskýrslum sé skilað fyrir tilskilinn tíma, séu rétt útfylltar og "stemmi".	
2)	Sjá til þess að vinnusk. séu staðfestar af viðkomandi yfirmanni og berist til launa-deildar OS á réttum tíma.	
3)	Regluleg úrvinnsla vinnusk. og gerð úmisk. yfirlita er auðveldu uppgjör og áætlanir verka.	
4)	Ýmis vinna tengd starfsm. málum eins og t.d. samningar ýmiskonar og fleira.	



ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður **Innlagðir reikningar**

Markmið

Sjá til þess að reikningar fái eðlilega umfjöllun og afgreiðslu.

Verkefnisstjórn **Helgi Gunnarsson**

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
ALLS						

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	14,2	12.145	172.000	14,8	14.107	209.000
ALLS	14,2		172.000	14,8		209.000
Heildar kostnaður						
Tekjur						
Mismunur						

Verkpættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
1)	Halda skrá yfir innlagða reikninga er deildinni berast og það hvaða starfsmenn fá þá til uppáskriftar og hvenær þeir berast frá uppáskrifurum.	Unnið samkvæmt áætlun Alls bókaðar 3,653 færslur að upphæð 72.409 KKr.
2)	Yfirfara reikninga reikningslega og bera þá saman við samninga sem hafa verið gerðir.	1977 5,926 1978 4,519 1979 5,063 1980 4,866 1981 4,696
3)	Sjá til þess að reikningar séu "Kontómerktir" samkvæmt fjárhagsáætlun.	1982 4,516 1983 4,148 1984 3,576
4)	Bera kostnaðaryfirlit saman við fjárhagsáætlun.	1985 3,653



ORKUSTOFNUN
Vainsorkudeild

VERKNÚMÉR 308

ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður Námskeið, ráðstefnur, endurmenntun.

Markmið
Viðhald faglegrar þekkingar og faglegra tengsla við aðila utan lands sem innan.

Verkefnisstjórn

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Námskeið og ráðstefnugjöld og ferðir			202.000			120.000
ALLS			202.000			120.000

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	6,5	12.145	79.000	8,8	14.107	124.696
LM				0,2	12.586	2.517
MJ				6,8	16.759	113.961
JK				2,4	16.378	39.307
UR				0,4	17.083	6.833
VV				0,2	17.026	3.405
OBD				0,2	14.466	2.893
ALLS	6,5		79.000	18,8		293.600
Heildar kostnaður						414.000
Tekjur						
Mismunur						

Verkbættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
	<p>Ýmsir fundir...</p> <p>Fundir námskeið og ráðstefnur.</p>	<p>Þátttaka í tölvunámskeiði innan stofnunar var bókað á samkostnað.</p>



ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður Ýmis sameiginleg þjónusta og tilfallandi verk.

Markmið

Verkefnisstjórn Haukur Tómasson / Helgi Gunnarsson

Kostnaður	ÁÆTLUN			UPPGJÖR		
	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls	Einingar	Kr. á ein.	Kr. alls
Rekstur Keldnah. ýmislegt			380.000 84.000	(bókað á húsnæði 301,4)		
ALLS			464.000			

Vinnuframlag	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls	Vikuverk	Kr. á viku	Vinna kr. alls
SK	43,6	12.145	530.000	21,8	14.107	307.533
LM	5,0	12.207	61.000	0,9	12.586	11.327
JK	3,2	13.039	41.000	4,0	16.378	65.512
UR	0,8	13.969	11.000	3,2	16.759	53.629
VV	2,0	12.770	26.000	1,5	17.083	25.624
SS	1,5	12.493	19.000	3,6	17.026	61.294
				2,9	14.466	41.951
ALLS	56,1		688.000	38,0		566.870
Heildar kostnaður						567.000
Tekjur						
Mismunur						

Verkþættir	Áætlun	Árangur (verkstaða)
<u>Véllritunarþjón.</u>	Ýmis þjónustaver varðar samrekstur VOD	
<u>Deildarfundir</u>	Mánudagsfundir VOD	
<u>Ýmislegt</u>	Ýmis tilfallandi verk er varða deildina og samskipti hennar útávið.	



ÁÆTLUN OG UPPGJÖR ÁRIÐ 1985

Heiti verks: staður **Þróun mælitækni**

Markmið **Notkun kenniefna við rennslismælingar**

Verkefnisstjórn **Arni Snorrason**

